

Samgöngu- og sveitastjórnaráðuneytið
Samgöngu- og fjarskiptamál
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík
srn@srn.is



Reykjavík, 07. september 2020

Efni: Áform um frumvarp til laga um áhafnir skipa

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda frá 21. ágúst sl. þar sem greint er frá áformum um frumvarp til laga um áhafnir skipa.

Samtök ferðaþjónustunnar – SAF hafa farið yfir áformaskjalið sem lýsir því að ráðgert er m.a. að fara yfir þá löggjöf sem gildir um áhafnir skipa hér á landi. Alls eru það fjórir lagabálgar en nú á að sameina þá undir einn og fella brott þau ákvæði sem þykja úreld ásamt því að horfa til reglna sem gilda á Norðurlöndum um áhafnir og öryggismönnun.

Samtökin fagna þeim vilja sem stjórnvöld sína við að gera lög tengd sjósókn á ýmsum sviðum einfaldari og kröfur um áhafnir, mönnun og öryggi skýrari. Samtökin vilja minna stjórnvöld á að það er mikilvægt að setja mismunandi kröfur fyrir mismunandi skip. Stórt skip með fjölmenna áhöfn sem er ætlað að sigla til lengri tíma á að uppfylla strangari kröfur en lítið skip, með fáum í áhöfn sem er ætlað að sigla í skemmri tíma, t.d. undir fjórum tímum að jafnaði.

SAF hafa lengi óskað eftir samtali við stjórnvöld um skýran regluramma fyrir skip og báta í útsýnis- og skoðunarferðum. Samtökin leggja því áherslu á að eiga öflugt samráð við samgönguráðuneytið við gerð laganna. Þar leggja samtökin mikla áherslu á ákvæði um öryggisstjórnunarkerfi fyrir farþegaskip og farþegabáta í útsýnis- og skoðunarferðum. Samtökin hafa ítrekað rætt slíkt fyrirkomulag við stjórnvöld en það ætti að veita útgerðum frekari ábyrgð gagnvart eign rekstri og tryggja betur öryggi farþega og skipverja. Það er skoðun samtakanna að viðurkennt öryggisstjórnunarkerfi útgerðar geti gefið ákveðinn sveigjanleika varðandi kröfur um búnað og mönnun ferða sem að jafnaði taka ekki lengri tíma en 4 klst.

Samtökin benda á mikilvægi þess að meðalhófs verði gætt í mönnunarkröfum þeirra farþegaskipa stunda styttri útsýnis- og skoðunarferðir. Þar má t.d. nefna að krafa um stýrimann er óþörf á öllum skipum í ferðum sem taka að jafnaði styttri tíma en 4 klst. Þá er einnig mikilvægt að horfa til þess að heimild skipstjóra til að gegna jafnframt hlutverki vélstjóra í ofangreindum ferðum falli ekki úr gildi eftir ákveðinn farþegafjölda.

Samtökin vilja samhliða fyrrgreindum ábendingum koma á framfæri ósk um að eiga margumrætt samráð við Samgönguráðuneytið og Samgöngustofu um mönnunarmál, búnað og farsvið.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Gunnar Valur Sveinsson".

Gunnar Valur Sveinsson